

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1139

2016/EES/19/36

frá 13. júlí 2015

um breytingu á tilskipun 2012/9/ESB að því er varðar dagsetningu lögleiðingar hennar og lokadag umbreytingartímabilsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/9/ESB ⁽²⁾ kom í stað I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB þar sem kveðið er á um skrána yfir viðbótarviðvörðunarkerkingar sem skal nota á hvern einingarpakka sem inniheldur tóbaksvörur í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar. Í 2. gr. tilskipunar 2012/9/ESB, eins og henni var breytt með tilskipun 2014/39/ESB ⁽³⁾, er dagsetningin 28. mars 2016 fastsett sem eindagi fyrir aðildarríkin til að lögleiða tilskipunina og 28. mars 2018 sem lokadagur umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í 3. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB ⁽⁴⁾, sem fellir tilskipun 2001/37/EB úr gildi frá og með 20. maí 2016, er kveðið á um að á hverjum einingarpakka og öllum ytri umbúðum tóbaksvara til reykinga skuli vera mynd- og textaviðvörðunarkerkingar sem innihalda eina af þeim textaviðvörðunum sem eru skráðar í I. viðauka við tilskipun 2014/40/ESB og samsvarandi ljósmynd í lit sem er tilgreind í myndasafninu í II. viðauka við þá tilskipun. Textaviðvaranirnar í I. viðauka við tilskipun 2014/40/ESB eru eins og þær sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2012/9/ESB. Í 29. gr. tilskipunar 2014/40/ESB er dagsetningin 20. maí 2016 fastsett sem eindagi fyrir aðildarríkin til að lögleiða tilskipunina og í 30. gr. tilskipunar 2014/40/ESB er dagsetningin 20. maí 2017 fastsett sem lokadagur umbreytingartímabilsins.
- 3) Rétt þykir að framlengja lögleiðingarfrestinn í tilskipun 2012/9/ESB frá 28. mars 2016 til 20. maí 2016 í því skyni að samræma lögleiðingarfrestina fyrir nýju textaviðvaranirnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, og fyrir nýju mynd- og textaviðvaranirnar sem teknar voru upp með tilskipun 2014/40/ESB. Einnig er nauðsynlegt að samræma umbreytingartímabilið sem kveðið er á um í tilskipun 2012/9/ESB og umbreytingartímabilið sem kveðið er á um í tilskipun 2014/40/ESB.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/37/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2012/9/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað „28. mars 2016“ í 1. mgr. 2. gr. komi „20. maí 2016“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 185, 14.7.2015, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26.

(²) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/9/ESB frá 7. mars 2012 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum (Stjtið. ESB L 69, 8.3.2012, bls. 15).

(³) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/39/ESB frá 12. mars 2014 um breytingu á tilskipun 2012/9/ESB að því er varðar dagsetningu lögleiðingar hennar og lokadag umbreytingartímabilsins (Stjtið. ESB L 73, 13.3.2014, bls. 3).

(⁴) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB (Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1)

2) Í stað „28. mars 2018“ í 3. gr. komi „20. maí 2017“.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.
